



21.10.2019

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 184. mál á 150. löggjafarþingi

Ráðherraábyrgð (upplýsingaskylda ráðherra)

Frumvarp þetta lýtur að því að styrkja frekar í sessi upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi, og kveða á um að brot gegn þeirri skyldu varði ráðherraábyrgð. Hagsmunasamtök heimilanna telja að til þess að Alþingi geti rækt eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdavaldinu sé nauðsynlegt að tryggja aðgang að réttum upplýsingum sem geta haft þýðingu fyrir afgreiðslu mála á Alþingi. Þetta markmið er í samræmi við nútímakröfur um aukið gegnsæi og ábyrga stjórnsýsluhætti. Því miður eru allt of mörg dæmi um að ráðherrar veiti Alþingi ófullnægjandi og jafnvel rangar og villandi upplýsingar þegar eftir þeim hefur verið óskað. Hér verða nefnd nokkur nýleg dæmi um slíkt.

- Þingskjal 710 á 149. löggjafarþingi - svar við fyrirspurn.
 - Fullyrt að þegar skuld samkvæmt skuldabréfi er uppgreidd sé frumrit skuldabréfs áritað um uppgreiðslu og það sent til skuldara, en það er þó alls ekki alltaf raunin.
- Þingskjöl 1608 og 1638 á 149. löggjafarþingi - svör við fyrirspurnum.
 - Rangar tölur um fjölda nauðungarsalna og fjárnámsgerða, sem voru síðar “leiðréttar” en hinar “leiðréttu” tölur stangast engu að síður á við aðrar fyrirliggjandi upplýsingar.
- Þingskjal 2017 á 149. löggjafarþingi - svar við fyrirspurn.
 - Ranglega vísað til félags- og barnamálaráðherra um framkvæmd greiðsluáðlögunar í svari við fyrirspurn um álagningu dráttarvaxta á fasteignagjöld af hálfu sveitarfélaga.
- Þingskjal 2049 á 149. löggjafarþingi - svar við fyrirspurn.
 - Ranglega fullyrt að við útfyllingu gerðabóka sýslumanna séu þeir hlutar gerðabóka sem ekki eru fylltir út að jafnaði yfirstrikaðir, þó engin dæmi þekkist um slíkt í reynd.
- Þingskjal 2076 á 149. löggjafarþingi - skýrsla samkvæmt beiðni þingmanna.
 - Margvíslegar fullyrðingar framkvæmd fullnustugerða sem eiga sér ekki stoð í veruleikanum.

Að fenginni reynslu er frumvarp þetta nauðsynlegt og samrýmist áherslum Hagsmunasamtaka heimilanna, sem styðja það eindregið og mælast til þess að það verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Vilhjálmur Bjarnason, varaformadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is